

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 113/2000

frá 22. desember 2000

um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIV. viðauka var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2000 frá 31. maí 2000⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2658/2000 frá 29. nóvember 2000 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um sérhæfingu⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2659/2000 frá 29. nóvember 2000 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um rannsóknir og þróun⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi komi í stað textans í 6. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 417/85) í XIV. viðauka við samninginn:

„**32000 R 2658**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2658/2000 frá 29. nóvember 2000 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um sérhæfingu (Stjtið. EB L 304, 5.12.2000, bls. 3).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 237, 21.9.2000, bls. 60 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 42, 21.9.2000, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 304, 5.12.2000, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 304, 5.12.2000, bls. 7.

- a) í 7. gr., inngangsgrein, skal klausan „samkvæmt 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2821/71, þegar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis, eða einstaklings eða lögpersónu sem á lögmætra hagsmuna að gæta“ hljóða „þegar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni hinnar eftirlitsstofnunarinnar, eða ríkis innan lögsögu hennar, eða einstaklings eða lögpersónu sem á lögmætra hagsmuna að gæta“;
- b) eftirfarandi málsgrein bætist við í lok 7. gr.:

„Í slíkum tilvikum er þar til bærrí eftirlitsstofnun heimilt að gefa út ákvörðun í samræmi við 6. og 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 17/62, eða samsvarandi ákvæði sem fyrirhuguð eru í bókun 21 við EES-samninginn, án þess að viðkomandi fyrirtækjum sé gert að tilkynna það.““

2. gr.

Eftirfarandi komi í stað textans í 7. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 418/85) í XIV. viðauka við samninginn:

„**32000 R 2659**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2659/2000 frá 29. nóvember 2000 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um rannsóknir og þróun (Stjtið. EB L 304, 5.12.2000, bls. 7).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) í 7. gr., inngangsgrein, skal klausan „samkvæmt 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2821/71, þegar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis, eða einstaklings eða lögpersónu sem á lögmætra hagsmuna að gæta“ hljóða „þegar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni hinnar eftirlitsstofnunarinnar, eða ríkis innan lögsögu hennar, eða einstaklings eða lögpersónu sem á lögmætra hagsmuna að gæta“;
- b) eftirfarandi málsgrein bætist við í lok 7. gr.:

„Í slíkum tilvikum er þar til bærrí eftirlitsstofnun heimilt að gefa út ákvörðun í samræmi við 6. og 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 17/62, eða samsvarandi ákvæði sem fyrirhuguð eru í bókun 21 við EES-samninginn, án þess að viðkomandi fyrirtækjum sé gert að tilkynna það.““

3. gr.

Texti reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2658/2000 og 2659/2000 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 22. desember 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

G. S. Gunnarsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. K. Mannes

E. Gerner

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.